



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Samstarf við Vinnumálastofnun um íslenskukennslu fyrir foreldra af erlendum uppruna

Lagt er til að sviðsstjóra velferðarsviðs verði falið að hefja formlegar viðræður um samstarf við Vinnumálastofnun um eflingu íslenskukennslu fyrir foreldra af erlendum uppruna svo flýta megi aðlögun þeirra að íslensku samfélagi. Velferðarsvið leggi fyrir velferðarráð, stöðumat og tillögur að útfærslu samstarfsins innan fjögurra mánaða frá samþykkt tillögunnar. Tillagan leiðir ekki til kostnaðarauka.

Greinargerð:

Íslenskukunnátta er lykilforsenda virkrar þátttöku í íslensku samfélagi, hvort sem litið er til atvinnuþátttöku, náms, félagslegrar þátttöku eða samskipta við opinberar stofnanir. Fyrstu mánuðirnir eftir komu til landsins eru sérstaklega mikilvægir þegar kemur að aðlögun og því skiptir máli að aðgengi að íslenskukennslu sé tryggt frá upphafi.

Vinnumálastofnun veitir flóttafólki ráðgjöf vegna atvinnuleitar og aðstoð við að sækja íslenskunámskeið að kostnaðarlausu í samstarfi við sveitarfélög. Mikilvægt er að styrkja samstarf Reykjavíkurborgar við Vinnumálastofnun, sérstaklega þegar kemur að eftirfylgd með íslenskunámi.

Með auknu og markvissu samstarfi þessara aðila má styrkja samfellu í þjónustunni, bæta nýtingu fjármuna og tryggja að fleiri úr hópi flóttafólks hefji íslenskunám. Slík aðgerð styður jafnframt við markmið meirihluta Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Viðreisnar um að efla aðlögun, sjálfstæði og atvinnuþátttöku þeirra sem hafa komið til landsins í leit að vernd og er jafnframt ein af aðgerðum í aðgerðaáætlun meirihlutans 2026-2030, sem framkvæma á innan 12 mánaða.

Helstu markmið samstarfsins eru eftirfarandi:

- Tryggja að foreldrar af erlendum uppruna sem eru í þjónustu Reykjavíkurborgar fái sem fyrst aðgang að markvissri íslenskukennslu.
- Samræma verklag milli Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnunar um tilvísanir í íslenskunám og eftirfylgd með þátttöku.
- Auka þátttöku í námi, atvinnulífi og samfélaginu með bættri íslenskukunnáttu.
- Kanna möguleika til samstarfs í nýtingu stafrænnar kennslu.

Vonast er til að verkefnið leiði til aukinnar þátttöku í íslenskunámi, bættri stöðu flóttafólks á vinnumarkaði og virkari þátttöku í samfélaginu til lengri tíma litið.